

Borgarráð

Samninganefnd um tvíhliða samning við Airbnb

Lögð eru fram til kynningar hjálögð drög að erindisbréfi samninganefndar um tvíhliða samning við Airbnb. Hlutverk hópsins er að annast samningaviðræður við Airbnb um tvíhliða samning sem taki m.a. mið af þeim samningum sem fyrirtækið hefur gert við borgaryfirvöld í Amsterdam og London.

Greinargerð:

Starfshópur um heimagistingu og íbúðagistingu í Reykjavík var skipaður af borgarstjóra með erindisbréfi dags. 19. júlí 2016. Hópurinn skilaði skýrslu og tillögum í júní 2017 og voru tillögur hópsins samþykktar í borgarstjórn þann 5. september 2017. Á meðal tillagna hópsins var að Reykjavíkurborg óski þegar í stað eftir viðræðum um tvíhliða samning við Airbnb þar sem markmiðin taki m.a. mið af þeim samningum sem fyrirtækið hefur gert við borgaryfirvöld í Amsterdam og London. Í þeim samningum er m.a. kveðið á um að þak sé sett á skráningu eigna við ákveðinn dagafjölda (60 eða 90 daga). Ef ætlunin er að bjóða eignina til lengri leigu þarf að afhenda Airbnb afrit af gistileyfum og skráningarnúmer.

Dagur B. Eggertsson

Drög að erindisbréfi samninganefndar um tvíhliða samning við Airbnb.

ERINDISBRÉF

Samninganefnd um tvíhliða samning við Airbnb

Ábyrgðarmaður:

Borgarstjórinn í Reykjavík.

Inngangur:

Starfshópur um heimagistingu og íbúðagistingu í Reykjavík var skipaður af borgarstjóra með erindisbréfi dags. 19. júlí 2016. Hópurinn skilaði skýrslu og tillögum í júní 2017 og voru tillögur hópsins samþykktar í borgarstjórn þann 5. september 2017. Á meðal tillagna hópsins var að Reykjavíkurborg óski þegar í stað eftir viðræðum um tvíhliða samning við Airbnb þar sem markmiðin taki m.a. mið af þeim samningum sem fyrirtækið hefur gert við borgaryfirvöld í Amsterdam og London. Í þeim samningum er m.a. kveðið á um að þak sé sett á skráningu eigna við ákveðinn dagafjölda (60 eða 90 daga). Ef ætlunin er að bjóða eignina til lengri leigu þarf að afhenda Airbnb afrit af gistileyfum og skráningarnúmer.

Hlutverk:

Hlutverk hópsins er að annast samningaviðræður við Airbnb um tvíhliða samning sem taki m.a. mið af þeim samningum sem fyrirtækið hefur gert við borgaryfirvöld í Amsterdam og London.

Helstu verkefni:

- Nánari skilgreining samningsmarkmiða Reykjavíkurborgar.
- Samningaviðræður við Airbnb.

Starfshópurinn skipa:

Skrifstofustjóri borgarstjórnar, formaður.

Fulltrúi frá skrifstofu eigna og atvinnuþróunar.

Fulltrúi borgarlögmans.

Starfsmaður:

Verkefnisstjóri á skrifstofu borgarstjórnar.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfshópurinn hefur heimild til að leita sérfræðiráðgjafar í alþjóðlegri samningagerð. Starfshópurinn leitar einnig ráðgjafar innan borgarkerfisins hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu.

Starfstímabil:

Starfshópurinn starfi þar til skilgreindum verkefnum hans er lokið en skili áfangaskýrslum eftir því sem þörf krefur.

Reykjavík, [Dags.]

Dagur B. Eggertsson